

Skóla-akur



Vefrit um skólamálf 15. tbl. 6. árg. 11. október

Myndir augnabliksins eru frá söngsal á leikskólanum Flúðum.



Skóladeild auglýsir námskeið fyrir kennara.

Árangursrík bekkjarstjórnun.

Um er að ræða 4 kennslustunda námskeið sem verður haldið mánudaginn 12. nóvember frá kl. 14.00 – 16.00 og aftur hálfum mánuði síðar mánudaginn 26. nóvember frá kl. 14.00 til 15.00 í Lundarskóla. Leiðbeinendur verða Guðrún Kristófersdóttir sálfræðingur sérfræðipjónustu Fjölskyldudeildar og Guðbjörg Ingimundardóttir félagsráðgjafi og fjölskylduráðgjafi Hlíðarskóla. Námskeiðið er kennurum að kostnaðarlausu þar sem styrkur fékkst úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla.

Markmið námskeiðisins er að kenna leiðir og aðferðir til að efla góðan bekkjaranda og jákvæð samskipti og minnka líkur á truflandi hegðun sem getur eftir jákvæðan skólabrag og auknið vinnufríð, sem aftur eflir náms-árangur.

Námskeiðið er samsett úr tveimur aðalþáttum, forleiðréttingum og skipulagi í kennslu.

Farið verður í sjónrænt skipulag og leiðir til að auðvelda samskipti og vinnulag í bekk.

Ýmsar leiðir eru kynntar til að forleiðrétta og fyrirbyggja óæskilega hegðun nemenda.

Námskeiðið er hugsað sem vettvangur fyrir kennara til að hittast og deila þekkingu með öðrum og fá aðgang að fleiri leiðum og aðferðum.

Fjöldinn er takmarkaður á námskeiðið og gildir þar „fyrstur kemur fyrstur fær“!

Skráning er á skóladeild hjá Ólínu með netfangið olina@akureyri.is

Nýr norrænn stjörnuhiminn - A New Nordic Starry Sky.

Giljaskóli á Akureyri tekur þátt í samnorrænu verkefni sem er náttúruvísindalegt menningarverkefni.

Kulturverket og Umevatoriet í Umeå höfðu frumkvæði að verkefninu sem hefur hlotið styrki frá Nordplus, Kulturkontakt Nord og Norræna menningarsjóðnum.

Grunnskólanemendur, kennarar, vísindamenn og listamenn frá Umeå, Akureyri og Viborg eru þátttakendur í verkefninu þar sem blandað er saman vísindarannsóknunum, listum og skólum. Með því að tengja þrjá aðskilda heima í sameiginlegu verkefni fáum við óvæntar tengingar, nýjar vinnuáferðir og niðurstöður þar sem skólabörn eru boðberar, hugmyndasmiðir og listrænir eigendur.

Hægt er að fylgjast með verkefninu á: <http://nordicstarproject.wordpress.com/>



Kennsla í forritun í Brekkuskóla og Naustaskóla.

Brekku- og Naustaskóli tóku þátt í verkefninu *TækniFæri* í boði Samtaka upplýsingatækniyrirtækja (SUT) þar sem nemendur í 7. bekk tóku fyrstu skrefin í forritun með *Skema*. Forritunarkennari kom með kynningu fyrir 7. bekkina í Brekku- og Naustaskóla. Verkefnið er stutt af Samtökum upplýsingatækniyrirtækja og er skólunum að kostnaðarlausu. Sífelldur skortur er á forriturum hér á landi eins og víðar og oft hefur komið fram að nauðsynlegt sé að efla áhuga á námi í forritun og tölvunarfræðum. Það var Raket Sölvadóttir, framkvæmdastjóri Skema, sem sá um kennsluna en fyrirtækið er leiðandi á þessu sviði hér á landi.

Sjá frétt á heimasíðu Brekkuskóla: http://www.brekkuskoli.is/is/news/enginn_titill_10_10_10_10_10_4/

Auglýsing um efni í tímaritið Glæður: Tölvur og tækni í skólum.

Ritnefnd *Glæða, fagtímarits Félags íslenskra sérkennara*, óskar eftir efni til birtingar í næsta tölublaði sem mun koma út í mars/apríl 2013.

Áhersla er lögð á að efni í tímaritinu endurspeglí starfsvettvang íslenskra sérkennara og gefi innsýn í nýtt fræðilegt efni, nýjungar á fræðasviðinu sem og frásagnir af vettvangi. Efni í Glæðum er skipt í ritrýndar greinar sem byggja á fræðilegum rannsóknum og greinar/fréttir af vettvangi.

Ritnefnd tekur ákvörðun um birtingu efnis með tilliti til þema blaðsins hverju sinni og sambengi efnis og starfsvettvangs sérkennara. Ritrýndar greinar í Glæðum eru metnar til 10 rannsóknastiga í Matskerfi opinberra háskóla. Yfirþema næsta blaðs mun snúast um tölvur og tækni í skólum.

Markmiðið er að efni blaðsins gefi góða mynd, bæði hagnýta og fræðilega, af nýtingu tölva og upplýsingatækni til þess að skapa getubreiðum hópi nemenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum fjölbreytt tækifæri til náms. Annað efni kemur einnig vel til greina, ritnefnd tekur ákvörðun um birtingu þess. Efni til birtingar þarf að hafa borist ritstjórn eigi síðar en **15. desember 2012**.

Leiðbeiningar um skrif í blaðið er að finna á vef blaðsins: <http://www.ki.is/pages/3427> Áhugasömum er bent á að hafa samband við ritstjóra Glæða, Ástu Björk Björnsdóttur (glaedur@gmail.com) varðandi frekari upplýsingar um skrif í blaðið.

Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Nafn á sameinaðan leikskóla.

Vegna sameiningar leikskólanna Holtakots og Síðusels verður efnt til samkeppni um nýtt nafn á sameinaðan leikskóla og eru bæjarbúar hvattir til þátttöku. Hjá Akureyrarbær er starfandi nafnanefnd sem skipar dómnefnd í þessari samkeppni og sendir tillögur sínar til skólanefndar og bæjarstjórnar. Áhugasamir eru beðnir um að skila tillögum í kassa merktum „Hugmyndasamkeppni“ í anddyri Amtsbókasafnsins fyrir 20. október

Fréttir frá Síðuskóla.

Þessa dagana er verið að innleiða forvarnir gegn einelti með því að styðja við jákvæða hegðun. Námsefnið kallast *Stöndum saman* og er hluti af SMT, styðjandi skólafærni.

Stöndum saman byggir á þremur stigum sem kallast stopp, gakktu og segðu frá. Ef einhver sýnir nemanda vanvirðingu í samskiptum er honum kennt að nota ákveðið merki og segja stopp. Ef viðkomandi hættir ekki þrátt fyrir merkið er nemendum kennt að ganga í burtu og þeir hvattir til að hunsu viðkomandi hegðun. Ef hegðunin hættir ekki þrátt fyrir fyrri skref, á að segja starfsmanni frá og hann tekur á málunum.

Óviðeigandi hegðun getur birst á mismunandi hátt og í námsefninu er m.a. fjallað um rafrænt einelti, söguburð og særandi athugasemdir.

Síðuskóli er í Comeniusarsamstarfi við skóla í Englandi, Þýskalandi, Frakklandi og á Spáni og komu kennarar og nemendur þessara skóla í heim-sókn hingað í síðustu viku. Unnið var með þemað „sjálfbær borg“. Nemendur unnu að því í vikunni að hanna borg sem væri sem mest sjálfbær og skipulögðu þeir borgina með hliðsjón af stjórnmálum, mannvirkjum, orku-málum, samgöngum, skólamálum og fleiru sem þeir töldu að sjálfbær borg ætti að hafa yfir að ráða. Nemendur og kennarar gerðu sér margt til dægrarstyttingar og fóru þeir bæði í innanbæjarferð í Minjasafnið og Iðnaðarsafnið og skoðuðu áhugaverða staði svo sem Lögmannshlíðarkirkju og Jólalúsið ásamt því að fara í heimsókn til bæjarstjórnans. Einnig var farin dagsferð með íslenskum nemendum í Mývatns-sveit þar sem farið var á hestbak, í Dimmuborgir, Kröflu og jarðböðin.

Á fimmtudegi og föstudegi 27. og 28. september voru gestirnir kvaddir með tárur.

Árlega ráðstefna „The Scottish Learning Festival“ var haldin dagana 19. – 20. september í Glasgow í Skotlandi. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Creative Learning... Creative Thinking“.

Í auglýsingu um ráðstefnuna segir að um sé að ræða stærsta menntaviðburð sem haldinn er í Skotlandi. Markmiðið er að hvetja til þróunar í námi og kennslu til að auðga og bæta lífsmöguleika ungs fólks. Á ráðstefnunnar er reynt að koma til móts við þann fjölbreyttan hóp sem áhuga hefur á þróun náms- og kennsluáferða á víðum grunni. Ráðstefnan er öllum opin og á henni eru nokkrir lykilyfirlestrar, yfir 100 málstofur, hringborðsumræður og stærsta kennslugagnasýning sem haldin er í Skotlandi. Yfir 4500 fræðimenn sækja ráðstefnuna ár hvert og er hún gjaldfrjál. Í ár fór stór hópur íslenskra kennara, þ.a.m. 32 manna hópur frá skólaskrifstofum hvarvetna á landinu. Í þeim hópi voru 6 frá skóla-deild Akureyrarbæjar.

Dæmi um málstofu á ráðstefnuni:

Changing the way we see the world with Natural Learning.

Í málstofunni var sagt frá starfi samtakanna TCV Scotland (The Conservation Volunteers). TCV er sjálfbóðaliðssamtök sem hafa að markmiði að bæta heilsu og vellíðan fólks með aukinni umhverfisvitund, hreyfingu og útiveru. Samtökin aðstoða skóla, eldri borgara, félagasamtök, atvinnulausa o.fl. Nú þegar hafa samtökin t.d. aðstoðað 240 skóla.

Dæmi um vinnu sem TCV tekur að sér er að aðstoða skóla við að koma á því sem kallað er „natural learning“. Markmiðið er að koma börnum í tengsl við náttúruna og auka útiveru þeirra. Önnur leið er svokallað „green gym“. Dæmi um það er t.d. 6 vikna vinna með skólum til að skipuleggja útiveru og hreyfingu á skólasvæðinu sjálfu, skipuleggja vettvangsferðir með kennurum og nemendum, kanna nánasta umhverfi skóla o.s.frv.

Lykilfyrirlesarinn Michael Russell MSP, Cabinet Secretary for Education and Lifelong Learning, fjallaði um mikilvægi þess að breyta menntun barna úr góðri í frábæra með það að markmiði að auðga líf unga fólksins. Hann lagði mikla áherslu á forvitni og ímyndunarafl því sköpun ætti að vera grunnurinn í allri menntun og í öllu námi. Í skapandi kennslu þyrfti að leggja áherslu á alla þætti og samtvinna þá. Hann nefndi dæmi um að mikilvægt væri að hlúa að kennslu í söng og tónlist og tengja við annað nám. Á sama hátt taldi hann mikilvægt að tengja iþróttir og hreyfingu við akademískt nám. Í raungreinum þyrfti að leggja áherslu á að vinna með iðnaði, verslun og þjónustu til að gera námið sýnilegra o.s.frv. Hann lagði áherslu á að kennarar þyrftu að vita hvert þeir stefndu með kennslu sinni.

Hægt er að fá nánari upplýsingar á slóðinni <http://www.educationscotland.gov.uk/slf/index.asp>

Sesselja Sigurðardóttir leikskólaráðgjafi við Skóladeild Akureyrarbæjar.

Sagt verður frá fleiri málstofum í næsta tölublaði.

Vaxtarsprotar í skólastarfi.

Samtök áhugafólks um skólaþróun og Sprotasjóður efna til ráðstefnu í Lækjarskóla í Hafnarfirði 9.-10. nóvember nk. Hlutverk Sprotasjóðs er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá viðkomandi skóla-stiga. Kynnt verða tæplega 50 þróunarverkefni frá öllum skólastigum sem fengið hafa styrk úr Sprotasjóði á undanförunum árum.

Sjá nánar á: www.skolathroun.is